

Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð

Bókarhöfundur: Gunnar Þór Bjarnason

Bókarheiti: Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð

Gagnrýnandi: Oddný Helgadóttir, MA í alþjóðasamskiptum

Útgáfa: Alþjóðamálastofnun og Rannsóknasetur um smáríki, Reykjavík 2008, 168 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: *"Gunnar Þór bendir á að rannsóknir hafi leitt í ljós að íslenskum stjórnvöldum hætti til að bregðast seint við vísbendingum um yfirvofandi áföll. Svo hafi einnig verið í þessu tilfalli. Bók Gunnars Þórs er vönduð í alla staði og veitir góða mynd af slæmri stjórnsýslu og skorti á framtíðarsýn."*

EKKI HORFST Í AUGU VIÐ VERULEIKANN

Miðvikudaginn 15. mars árið 2006 tilkynnti Nicholas Burns, páverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, Geir H. Haarde, sem þá var utanríkisráðherra Íslands, að ákveðið hefði verið að bandaríski herinn hyrfi frá Íslandi. Ákvörðunin var einhliða og íslenskum ráðamönnum áfall.

Í bók sinni, Óvænt áfall eða fyrirsjáanleg tímamót? Brottför Bandaríkjahers frá Íslandi: Aðdragandi og viðbrögð rekur Gunnar Þór Bjarnason aðdraganda þess að bandaríska herliðið hvarf frá Íslandi og greinir frá afleiðingunum þess og viðbrögðum íslenskra stjórnvalda. Texti Gunnars Þórs er lipurlega skrifaður og frásögnin vel uppbyggð og skemmtileg. Hann fléttar saman ólíka þræði, innlenda og erlenda, og dregur þannig upp heildstæða og greinargóða mynd af atburðarásinni. Bók Gunnars Þórs var gefin út af Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands haustið 2008. Hún er byggð á meistararitgerð hans í alþjóðasamskiptum. Alþjóðamálastofnun hefur sett sér þá stefnu að gefa út framúrskarandi meistararitgerðir sem taldar eru eiga erindi við almenning og veita nýja innsýn í alþjóðamál eða íslensk utanríkismál. Meistararitgerð Gunnars Þórs er sú fyrsta sem stofnunin gefur út á bók samkvæmt þessari stefnu.

Gunnar Þór bendir á að ákvörðun Bandaríkjamanna um að kveðja herlið sitt heim hefði ekki átt að koma jafn flatt upp á íslensk stjórnvöld og raun bar vitni. Blikur hafi verið á lofti árum saman og Bandaríkjamenn hafi tvisvar áður boðað brottför hersins, fyrst 1993 og svo 2003. Þótt þeim áformum hafi ekki verið hrundið í framkvæmd hafi þau veitt innsýn í stefnu Bandaríkjamanna, sem lokuðu á þessum tíma herstöðvum víða í Evrópu. Þá hafi ný staða í alþjóðamálum og breyttar áherslur í utanríkisstefnu Bandaríkjamanna getað gefið vísbendingar um að líða færi að þáttaskilum í öryggis- og varnarmálum Íslendinga. Öll rök hafi hniگیð að því að Bandaríkin myndu hvað úr hverju draga sig í hlé. Íslendingar þyrftu senn að axla ábyrgð á eigin vörnum.

Þrátt fyrir þetta segir Gunnar Þór íslensk stjórnvöld ekki hafa reynt að endurmeta stöðu sína og skilgreina öryggis- og varnarþarfir landsins. Lítið hafi verið gert til að afla þekkingar á þessum málaflokki innan stjórnkerfisins eða hvetja til rannsókna í íslensku fræðasamfélagi. Að Schengen-samstarfinu frátöldu hafi fátt verið aðhafst til að efla öryggis- og varnarmálasamstarf við önnur ríki eða ríkjasambönd. Og, það sem einna mesta athygli vekur, ríkið hafi engar áætlanir gert um hvernig best mætti bregðast við brotthvarfi hersins.

Í aðdraganda ákvörðunar Bandaríkjamanna miðuðu allar aðgerðir Íslendinga að því að koma í veg fyrir að herinn færi. Gunnar Þór segir stjórnvöld hafa forðast ráðstafanir sem talið var að gætu grafið undan þeirri stefnu. Allt kom þó fyrir ekki. Hvorki þrásækni Íslendinga að herinn yrði hér áfram – vörðuð hótunum um að slíta varnarsamningnum við Bandaríkin, skilyrðislaus stuðningur við utanríkisstefnu Bandaríkjamanna né virkari þátttaka í NATO fengu haggð ákvörðun Bandaríkjamanna.

Þannig stóðu íslensk stjórnvöld árið 2006, nánast algjörlega óundirbúin, frammi fyrir því að þurfa að huga að eigin vörnum og öryggi. Auk þess þurfti að taka á þeim mörgu og flóknu úrlausnarefnum sem fylgdu brottför hersins. Á meðal þeirra voru rekstur ratsjárstöðva og eftirlit með loftrými, kaup og rekstur á björgunarþyrlum fyrir Landhelgisgæslu, flugmálastjórn á Keflavíkflugvelli, uppbygging atvinnu á Suðurnesjum og nýting varnarsvæðisins. Gunnar Þór fer skipulega og ítarlega í gegnum þessa flokka og lýsir viðbrögðum og aðgerðum íslenskra stjórnvalda í hverjum þætti fyrir sig. Hann bendir á að viðbrögð hafi markast nokkuð af óskýrri verkaskiptingu innan stjórnkerfisins. Góðæri og

uppgangur á þessum tíma og aðgerðaáætlanir unnar af Reykjanesbæ hafi þó auðveldað ferlið til muna. Hann segir að enn fari því þó fjarri að vinnu við þennan málaflokk sé lokið. Íslendingar eigi eftir að skilgreina að fullu öryggis- og verndarhagsmuni sína í ljósi breyttra aðstæðna og því sé of snemmt að segja til um þróun mála.

Gunnar Þór bendir á að rannsóknir hafi leitt í ljós að íslenskum stjórnvöldum hætti til að bregðast seint við vísbendingum um yfirvofandi áföll. Svo hafi einnig verið í þessu tilfelli. Brotthvarf Bandaríkjahers hafi vissulega verið áfall, en það hafi ekki átt að koma á óvart. Bók Gunnars Þórs er vönduð í alla staði og veitir góða mynd af slæmri stjórnsýslu og skorti á framtíðarsýn.